

Bogi Kristinsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Miðbraut 11
370 Búðardalur



Reykjavík 13. mars 2015
UST201502-655/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í Skáley.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Dalabyggð er barst 3. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í Skáley.

Staðhættir

Í lýsingu kemur fram að í Skáley eru engar nýtanlegar byggingar lengur. Í lýsingu kemur einnig fram að áætlað er að reisa þar eitt íbúðarhús með bátaskýli og bryggju. Skáley er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sem var friðlýst með lögum nr. 54/1995. Í lýsingu segir að áætlað hús sé skipulagt í nokkrum einingum í samræmi við eldri byggingarhefð, og að húsið skuli aðlagast náttúrulegu umhverfi sínu. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að áætlanir geri ráð fyrir að framkvæmdir falli vel að umhverfinu og bendir á mikilvægi þess að forðast verði allt óþarfa rask.


Fráveita


Mikilvægt er að í deiliskipulagstillögu sé gerð grein fyrir fráveitu.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun bendir á að allar framkvæmdir innan verndarsvæðis skulu uppfylla kröfur verndaráætlunar. Í lýsingu kemur fram að í væntanlegri deiliskipulagstillögu verði umfjöllun um umhverfisáhrif. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að skoða umhverfisáhrif og þar með talið sjónræn áhrif og áhrif á landslag áður en endanleg afstaða er tekin til áætlaðrar byggingar í Skáley.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
teymisstjóri